



Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

Holtaskóli

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2024-2025

Holtaskóli

Reykjanesbær, 16. júní 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Um skólann.....	5
2.1	Húsnæði	5
2.2	Búnaður og aðstaða.....	5
2.3	Skólanámskrá	5
2.4	Skólastefna Holtaskóla.....	6
2.5	Menntun kennara	6
2.6	Stjórnun	6
2.7	Nám og kennsla	6
2.8	Eikin, deild fyrir nemendur með einhverfu	7
3	Þróunarverkefni	7
3.1	Leiðsagnarnám	7
4	Sjálfsmat í Holtaskóla	8
4.1	Matsaðferðir	9
4.2	Skilgreining á innra og ytra mati	9
5	Matsáætlun Holtaskóla 2024-2025	10
6	Niðurstöður sjálfsmats	11
6.1	Lesfimi	11
6.2	Leið til læsis	13
6.3	Orðarún.....	13
6.4	Logos.....	14
6.4.1	Niðurstöður.....	14
6.5	Talnalína	14
6.6	Skólapúlsinn	15
6.6.1	Nemendakönnun Skólapúlsins	15

6.6.2	Foreldrakönnun Skólapúlsins	16
6.6.3	Starfsmannakönnu Skólapúlsins	19
6.7	Moodup – starfsmannakönnun	22
6.8	Niðurstöður samskipta- og eineltisteymis	24
6.9	Starfsmannasamtöl	24
7	Framkvæmdamat.....	24
8	Lokaorð	31

1 Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati Holtaskóla fyrir skólaárið 2024 - 2025. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirku umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri. Skólum er skylt samkvæmt 35. gr. grunnskólalaga að meta og hafa eftirlit með gæðum grunnskólastarfsins. Markmið þess er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda. Einnig er mikilvægt að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Markmið eru auk þess að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Matið er altækt, þar sem öll helstu svið skólans eru metin og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29.

2 Um skólann

Holtaskóli er einsetinn, langskiptur grunnskóli með um 415 nemendum í 20 bekkjardeildum í fyrsta til tíunda bekk og sérdeild fyrir einhverfa nemendum. Starfsmenn eru 85 talsins þar af eru kennarar rétt um 50. Holtaskóli tók til starfa árið 1952, skólahúsnæðið hefur verið stækkað í nokkrum áföngum og rúmar ágætlega það starf sem nauðsynlegt er að fram fari innan veggja skólans. Skólastjóri Holtaskóla er Helga Hildur Snorradóttir og hefur hún gegnt því starfi frá 1. ágúst 2018 en hún gegndi því embætti í forföllum, skólaárið 2013-2014. Sigrún Huld Auðunsdóttir hefur gengt aðstoðarskólastjórastarfinu tímabundið en hefur nú verið fastráðin frá næsta skólaári. Pétur Brynjarsson er deildarstjóri eldra stigs og verkefna, Stefanía Helga Björnsdóttir er deildarstjóri yngra stigs og verkefna hún lætur af störfum nú á vormánuðum og Edda Guðrún Pálsdóttir er deildarstjóri Eikar og stoðþjónustu.

2.1 Húsnæði

Húsnæði skólans er 4517 fermetrar á tveimur hæðum með aðgangi að íþróttahúsi og sundlaug í næstu húsum. Nú standa yfir allsherjar endurbætur á skólahúsnæðinu og stendur til að skólinn verði fullbúinn haustið 2027. 6.-10. bekkur er í kennslustofum í Holtaskóla en þar eru líka kennslustofur fyrir list- og verkgreinar, kennslurými fyrir sérdeildina Eik, kaffistofa starfsfólks og skrifstofur. 1.-5. bekkur er í bráðabirgða kennslustofum á malarvelli fyrir neðan sundlaug, þar eru einnig skrifstofurými og kaffistofa starfsfólks.

2.2 Búnaður og aðstaða

Hver kennari hefur sína fartölvu til afnota. Allar snúrur eru til staðar í stofunum þannig auðvelt er fyrir kennara að fara með tölvur á milli til að kenna ef svo ber undir. Sjónvörp eru í öllum kennslustofum sem hægt er að tengjast við. Skólinn á ljósritunarvélar, prentara og annan búnað sem hægt er að nota við skólastarfið. Íþróttaaðstaða er góð. Nemendur fara í leikfimi í íþróttahúsi við hlið skólans. Sundlaug er einnig við skólann. Þar er 50 m innilaug sem hægt er að skipta í tvennt auk 25 metra útilaugar. Aðalútisvæðið er við suðurenda skólans. Þar er kastali, leikjagrind, rólur og vegasalt. Til stendur að endurnýja leiktækin á skólalóðinni samhliða endurbótum á skólanum. Einnig er af girtur fótboltavöllur með gervigrasi sem og körfuboltavöllur með 6 körfum. Fyrir ofan skólann er holt en það er vinsælt leiksvæði fyrir hina ýmsu leiki, holtið og skólalóðin hafa verið líti notað á þessu skólaári vegna framkvæmda. Við kennslustofur á malarvelli er útileiksvæði með vegasalti, rólum, klifurgrind og tveimur fótboltamörkum.

2.3 Skólanámskrá

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla

á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun, rýmingaráætlun, móttökuáætlanir og áætlanir um hvernig unnið er með PBS agakerfið sem skólinn vinnur eftir. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

2.4 Skólastefna Holtaskóla

Í Holtaskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli fólks. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Holtaskóli sé í röð fremstu skóla á landinu. Í Holtaskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.

2.5 Menntun kennara

Í Holtaskóla hefur hlutfall réttindakennara haldist stöðugt síðustu ár. Nú er svo komið að um það bil 75% kennara við skólann eru með kennsluréttindi, allir leiðbeinendur eru í kennaranámi. Símenntunaráætlun starfsfólks má finna í starfsáætlun skólans sem er endurskoðuð árlega.

2.6 Stjórnun

Stjórnendateymi Holtaskóla er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra Eikar og stoðþjónustu, deildarstjóra eldra stigs og verkefna og deildarstjóra yngra stigs og verkefna. Verkaskipting er tilgreind í starfslýsingum sem eru til endurskoðunar í upphafi hvers skólaárs.

2.7 Nám og kennsla

Holtaskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekkjum. Boðið er upp á fjölbreytt úrval valgreina innan skólans sem og í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Íþrótt- og tómstundafélög. Þar að auki á Holtaskóli góð samskipti við fyrirtæki í Reykjanesbæ sem taka að sér einstaka nemendur í vinnustaðanám. Skólanámskrá Holtaskóla sem byggð er á Aðalnámskrá grunnskóla er leiðandi plagg í uppbyggingu og skipulagi náms og kennslu, því verður skólanámskráin að vera

Í stöðugri endurskoðun. Námsmat á sér stað yfir allt skólaárið og starfar Holtaskóli ekki eftir annakerfi. Stefnt er að því að námsmat sé sem víðtækast og gefi eins réttar upplýsingar um stöðu nemandans og kostur er.

2.8 Eikin, deild fyrir nemendur með einhverfu

Deild fyrir einhverf börn er starfrækt við skólann. Hún var stofnuð haustið 2001 og er fyrir börn með einhverfu í Reykjanesbæ. Nemendur deildarinnar voru 11 skólaárið 2024 - 2025. Nemendur deildarinnar eru allir skráðir í umsjónarbekki og njóta þar aðstoðar stuðningsfulltrúa en fá kennslu í Eikinni eftir þörfum hvers og eins. Kennsla í deildinni er að öðru leyti byggð á aðalnámskrá grunnskóla.

Við deildina starfa að jafnaði þrír kennarar sem sjá um sérkennslu, fjórir þroskaþjálfar í þremur stöðugildum og sex stuðningsfulltrúar. Deildarstjóri, sérkennarar og þroskaþjálfar sjá einnig um ráðgjöf til kennara og starfsfólks sem hafa umsjón með nemendum með einhverfu, hvort heldur sem er nemendum sem eru í Eikinni eða nemendum sem eru í almennum bekkjardeildum. Í deildinni er notuð kennsluaðferð sem kallast TEACCH – eða skipulögð kennsla. En með því að skipuleggja umhverfið, setja upp sjónræna dagskrá, vinnukerfi og sjónrænt skipulag eykst færni nemenda og gerir þá færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Einnig er notuð atferlismótun þar sem jákvæð hegðun er styrkt. Kennsla í deildinni er að öllu leyti einstaklingsmiðuð þar sem styrkleikar hvers og eins eru hafðir í fyrirrúmi. Nemendur Eikarinnar fylgja bekknum sínum eins mikið og geta þeirra leyfir í bóklegum greinum og í öllum sérgreinum. Stefna Eikarinnar er að veita nemendum með einhverfu kennslu og námsumhverfi í samræmi við þeirra þarfir og því sem hæfir þeim best. Áhersla er á að stuðla að því að nemendur fái aukið sjálfstraust, sjálfstæði og betri samskiptahæfni. Deildarstjóri Eikarinnar er Edda Guðrún Pálsdóttir.

3 Þróunarverkefni

Í Holtaskóla er eitt þróunarverkefni í gangi og snýr það að innleiðingu leiðsagnarnáms.

3.1 Leiðsagnarnám

Í 35. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum sé meðal annars að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Til þess að mæta auknum kröfum um flóknara og fjölbreyttara nám nemenda þurfa að vera breyttar kröfur til kennara og þess starfs sem unnið er í skólum. Krafan verður sífellt háværari um að nemendur

búi yfir ákveðinni hæfni til þess að geta fótast sig í sífellt breytilegum heimi. Nemendur eiga að geta beitt gagnrýnni hugsun, leyst flókin viðfangsefni, átt í skilvirkum samskiptum og samstarfi auk þess að geta unnið sjálfstætt. Þeir skólar sem ná mestum árangri byggja starf sitt á formgerðu lærdómssamfélagi sem felur í sér skipulagt samstarf bæði kennara og skólastjórnenda. Til að ná þeim markmiðum ætlum við að innleiða leiðsagnarnám inn í skólann okkar. Leiðsagnarnám inniheldur margt sem verið er að nota í skólanum okkar og einnig margt sem hægt er að bæta við til að gera gott skólastarf enn betra. Verkefnið er mikilvægt þar sem markmiðið er að bæta faglega þekkingu kennara, nýta markvisst fjölbreytta kennsluhætti, auka vellíðan og búa til jákvæð áhrif á nám nemenda. Áherslan er á að breyta menningu skólans á jákvæðan hátt. Á þessu skólaári lauk þriðja og síðasta ári í innleiðingarferli á Leiðsagnarnámi. Á næsta skólaári verða áfram reglulegir fundir til að viðhalda þekkingu og minna á aðferðir og nýja kennsluhætti. Einnig er ætlunin að nýta fundina til að efla faglegt lærdómssamfélag.

4 Sjálfsmat í Holtaskóla

Grunnskólar hafa ætíð lagt mat á ákveðna þætti starfsemi sinnar, þetta var ekki gert með skipulögðum eða heildstæðum hætti fyrr en ákvæði um sjálfsmat skóla voru færð í lög árið 1995. Í heftinu *Sjálfsmat skóla* kemur fram að skóli velji sjálfur matsaðferðir og að á fimm ára fresti skuli gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Til að sjálfsmat skili ásættanlegum árangri þarf það að taka til sem flestra þátta í skólastarfinu t.a.m. námsárangurs, skólanámskrár, skólastefnu, foreldrasamstarfs, líðan nemenda og starfsmanna, stöðu þróunarvinnu o.s.frv. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem koma að sjálfsmatsvinnu geri sér grein fyrir að hún nái til lengri tíma. Þrátt fyrir að skólar geri sjálfsmatsáætlanir til ákveðins tíma þýðir það ekki að matinu sé lokið eftir þann tíma, heldur ber að líta á þetta starf sem upphaf að stöðluðu mati á skólastarfi sem ber að endurmeta líkt og aðra starfsemi. Líkt og að ofan greinir verður að meta sem flesta þætti skólastarfsins með skipulag og rétt verklag í forgrunni.

Það er margt sem hafa ber í huga við undirbúning og framkvæmd sjálfsmats í skólum líkt og greinir frá í riti menntamálaráðuneytisins Sjálfsmat skóla. Innihald skólanámskrár segir nánast allt um skólastarf og er því það tæki sem unnið er út frá við sjálfsmat. Í skólanámskránni er að finna öll helstu markmið sem snúa að ytri og innri þáttum starfsins og er þá um leið orðin það tæki sem þarf að endurskoða reglulega með umbætur í huga. Í sem fæstum orðum er meginmarkmiðið að útbúa skipulagðar og skilvirkar leiðir til að komast að því hvaða álit allir hlutaðeigandi hafa á skólastarfinu og hvaða árangri skólastarfið er að skila.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi:

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti
- Stuðla að þróun og vexti skólans
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans

4.1 Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans. Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir, kynningar og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðuggreiningar á ýmsum viðburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og viðbragðsáætlanir gerðar. Gerð er matsáætlun þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár.

4.2 Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaráætlanir, sé þess þörf.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á. Menntamálastofnun gerði úttekt á Holtaskóla í nóvember 2019 en á heimasíðu skólans má finna niðurstöður úttektarinnar.

5 Matsáætlun Holtaskóla 2024-2025

Hvað er skoðað	Hvenær	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Hvað er gert við niðurstöður
Nemendakönnun. Viðhorf og líðan nemenda í 6. – 10. bekk	Fjórar mælingar, tvær að hausti og tvær að vori	Skólapúlsinn, deildarstjóri	Skólapúlsinn skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatskýrslu sem birt er á heimasíðunni. Foreldrum tilkynnt um birtingu.
Foreldrakönnun	Febrúar	Skólapúlsinn, deildarstjóri	Skólapúlsinn, skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatskýrslu sem birt er á heimasíðunni. Foreldrum tilkynnt um birtingu.
Starfsmannakönnun	Mars	Skólapúlsinn, skólastjórnendur	Skólapúlsinn, skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðunni.
Starfsmannakönnun, viðhorf og líðan.	Nóvember 2023, janúar, mars og maí 2024	MoodUp Reykjanesbær, Skólapúlsinn	Skólastjórnendur og umbótarteymi	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatskýrslu sem birt er á heimasíðunni.
Lesfímipróf lögð fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk og undirpróf fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum.	September, janúar og maí	Umsjónarkennarar	Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu	Niðurstöður eru skráðar fyrst inn í Skólagátt og á Mentor. Brugðist er við þegar nemandi er undir viðmiðum án eðlilegra skýringa. Deildarstjóri stoðþjónustu vinnur úr niðurstöðum og kynnir starfsmönnum.
Lestrarskimunin Leið til læsis lögð fyrir 1. bekk	Október	Umsjónarkennarar í 1. bekk og sérkennari	Umsjónarkennarar í 1. bekk, sérkennari og deildarstjóri stoðþjónustu	Niðurstöður yfirfarnar og ítarefni sent heim til þeirra nemenda sem þurfa. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra. Niðurstöður eru skráðar í Mentor..
Logos lestrarskimun í 6. og 8. bekk.	Nóvember (6. bekkur) og apríl (8. bekkur).	Kennsluráðgjafar MEN og deildarstjóri stoðþjónustu.	Kennsluráðgjafar MEN og deildarstjóri stoðþjónustu	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og námsráðgjafa. Niðurstöðum skilað til foreldra þar sem við á. Þeim nemendum sem talin er ástæða til er vísað til frekari athugunar.
Orðarún, lesskilningur	Lagt fyrir tvisvar á ári í 3.-8. bekk	Umsjónarkennarar		Niðurstöður yfirfarnar og birtar á Mentor.
Talnalína	3., 6. og 8. bekkur	Kennarar og deildarstjóri	Umsjónarkennarar	Niðurstöður yfirfarnar og ítarefni sent heim ef þarf.
Skólanámskrá	Haust	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur og kennarar	Birtar á heimasíðu skólans.
Starfsáætlun – endurskoðun	Haust	Skólastjóri	Skólastjórnendur og skólaráð	Birt á heimasíðu skólans.


6 Niðurstöður sjálfsmats

6.1 Lesfimi


Í 2.-10. bekk eru lesfimiþróf tekin í september, janúar og maí. Þeir nemendur í 1. bekk sem náð hafa lestrarfærni í september fara einnig í lesfimiþróf og er það metið af umsjónarkennurum. Umsjónarkennarar 1.-7. bekkjar hafa umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu lesfimiþrófanna. Í 8.-10. bekk var það Ingibjörg Jóhannsdóttir sem hafði umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu þrófanna. Niðurstöður er skráðar í Skólagátt auk þess sem þær eru skráðar inn á Mentor og þannig komið áleiðis til foreldra. Farið er yfir niðurstöður með foreldrum á samskiptadögum og fá allir nemendur útprentaðar niðurstöður í lok skólaárs.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar er má sjá að flestir árgangar eru yfir landsmeðaltali eða á pari við það. Unnið er með nemendum á einstaklingsgrunni til að þeir nái markmiðum sínum í lestri. Nemendur sem eru undir viðmiðum fá ýmiskonar inngrip eða ráðleggingar til að auka færni sína og er það gert í samstarfi við foreldra hverju sinni.


Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Holtaskóli, maí 2025




**Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Holtaskóli, maí 2025**



**Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Holtaskóli, jan. 2025**



**Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Holtaskóli, jan. 2025**




6.2 Leið til læsis

Leið til læsis er mats- og stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Lesskimunarpróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu. Niðurstöður eru settar inn á Mentor og unnið er með þá þætti sem mælast í áhættu hjá nemendum.

Þeir nemendur sem mælast utan áhættu eru utan áhættuhópa. Þeir sem mælast í óvissuhóp þurfa hugsanlega þörf á stuðningi, það er þá metið út frá niðurstöðum annarra þátta. Ef nemandi lendir í áhættu 2 eru nokkrar líkur á vanda og þeir sem mælast í áhættu 1 eru líklegir til að glíma við vanda. Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu fara saman yfir niðurstöður skimunar og tekin er ákvörðun um hvaða nemendur fá sent ítarefni með sér heim. Á þessu skólaári fóru 34 nemandi í skimunina og var það í höndum umsjónarkennara að senda ítarefni heim til nemenda.

Við lok 1. bekkjar höfðu 31 af 37 nemendum árgangsins náð lágmarksviðmiðum Lesfimi MMS.



6.3 Orðarún

Orðarún er lesskilningspróf sem kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum, orðréttum eða umorðuðum, dragi ályktanir af því sem ekki er sagt með berum orðum í texta, átti sig á meginefni texta og útskýri orð og orðasambönd. Prófið er lagt fyrir nemendum í 3. - 8. bekk. Ef lesa þarf textann fyrir nemanda er prófið skráð sem hlustunarskilningur á Mentor. Umsjónarkennarar leggja prófið fyrir alla nemendur í einu og

vinna úr niðurstöðum. Niðurstöður eru skráðar inn á Mentor. Nemendur og foreldrar gátu því nálgast niðurstöðurnar þar. Kennarar meta niðurstöður og fylgja þeim eftir með þjálfun í bekk og endurmati.

6.4 Logos

Logos er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni nemenda og er staðlað fyrir íslenska nemendur. Logos hefur tvo prófaflokka: Fyrri flokkurinn er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og sá síðari 6.–10 bekk og fullorðnum. Innan hvers flokks eru margir prófþættir. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að lestrarerfiðleikar séu greindir sem fyrst svo grípa megi tímanlega inn í með viðeigandi hætti. Niðurstöður prófana í Logos eru settar fram á myndrænan hátt ásamt töflum þar sem hægt er að bera saman niðurstöður nemandans við jafnaldra. Kennsluráðgjafar menntasviðs koma í skólann og leggja fyrir nemendur í 6. og 8. bekk skimun með Logos. Prófaður er lesskilningur, leshraði og umkóðunarferni nemenda. Breyting var gerð á því á síðasta skólaári hverjir eru skimaðir, en áður var allur árgangurinn skimaður. Nú eru þeir nemendur skimaðir sem uppfylla ekki lesfímiviðmið MMS og því hluti árgangsins skimaður. Niðurstöður sem skólar fá því í hendurnar eru frábrugðnar fyrri árum.

Kennsluráðgjafar vinna úr niðurstöðum og kynna fyrir stjórnendum, námsráðgjafa og umsjónar-, sér- og faggreinakennurum eftir því hvað á við hverju sinni. Deildarstjóri stoðþjónustu sendir æfingar heim til þeirra nemenda sem mælast undir viðmiðum ef þörf er á. Nemandi er þá aftur skimaður. Ef framfarir eru nægar er fylgst vel með nemanda, ef framfarir eru ekki til staðar þrátt fyrir markvisst inngrip er nemandi settur í allt Logos prófið til að athuga hvort einkenni dyslexíu uppfylli viðmið til greiningar.

6.4.1 Niðurstöður

Eftir að rýnt var í niðurstöður var ákveðið að vísa 5 nemendum úr 6. bekk í frekari athugun hjá kennsluráðgjafa. Nemendur 8. bekkjar voru skimaðir 9. apríl 2025, 8 nemendur fóru í skimun og var einum nemanda vísað í frekari athugun hjá kennsluráðgjafa.

6.5 Talnalína

Talnalína var lögð fyrir alla nemendur í 3., 6. og 8. bekk til að meta stöðu þeirra í stærðfræði. Markmið Talnalínu er að fylgjast með framvindu náms nemenda og gefa kennurum og foreldrum tækifæri til að grípa inn í ef frammistaða er ekki viðunandi. Prófpáttum skimunarprófsins er skipt eftir A, B eða C hæfni og viðmiðið er að nemendur nái B hæfni í öllum

þáttum. Ítarefni fylgir stöðuprófinu til þess að hægt sé að þjálfar nemendur í þeim þáttum sem viðunandi árangur næst ekki. Foreldrar voru upplýstir um niðurstöður skimunarprófsins með bréfi og ítarefni sent heim í þeim tilfellum sem þess þurfti.

6.6 Skólapúlsinn

6.6.1 Nemendakönnun Skólapúlsins

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Nemendakönnunin fór fram í fimm 40 - 42 nemenda úrtökum, í september, nóvember, janúar, mars og maí. Verið var að mæla virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Einnig gátu nemendur skrifað athugasemdir eða opin svör. Niðurstöður voru kynntar á Workplace. Í heildina séð má segja að niðurstöður skólaársins séu nokkuð viðunandi. Markmið skólans er ávallt að vera á eða yfir landsmeðaltali. Niðurstöðurnar sýna að flestir þættir eru á eða við landsmeðaltal.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	203	-0,2	4,2	19.656	-0,2*
1.2. Þrautseigja í námi	4,5	207	0,3	4,5	19.793	0,0
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,4	207	0,1	4,5	20.045	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,1	207	0,2	4,3	19.985	-0,2*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,4	206	0,1	4,4	19.737	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,0	206	0,2	4,8	19.976	0,2
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	76,8%	156/203	-4,8%	78,9%	15071/19452	-2,1%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst.	156	-0,1 klst.	0,5 klst.	15.018	0,2 klst.*

Ánægja nemenda af lestri og náttúrufræði mælist undir landsmeðaltali að öðru leiti eru nemendur á pari við aðra nemendur á landinu. Nemendur mælast nú með meiri trú á eigin námsgetu og þrautseigju í námi en á síðasta skólaári.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	205	0,0	4,4	19.654	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	205	-0,1	4,3	19.581	0,0
2.3. Velliðan	4,4	204	0,0	4,4	19.824	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	54	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,8	205	0,0	5,7	19.768	0,1
2.6. Tíðni eineltis	14,7%	30/204	0,2%	15,8%	3177/19680	-1,1%
2.7. Staðir eineltis	-	24	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	94,6%	194/205	14,5%	89,2%	17614/19669	5,4%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	43,9%	87/198	5,9%	40,7%	7614/18591	3,2%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	7	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	93	-	-	-	-

Góður árangur náðist skólaárinu í vinnu er varðar tíðni eineltis hjá nemendum. Þó að eitt eineltistilfelli sé einu tilfelli of mikið, má sjá að niðurstöður skólaársins eru viðunandi miðað við mælingar fyrri ára. Tíðnin er 1,1 % undir landsmeðaltali.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	205	-0,2	4,8	19.453	-0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,7	203	0,0	4,8	19.648	-0,1
3.3. Agi í tímum	4,8	204	-0,1	4,8	19.629	0,0
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	204	0,2	4,8	19.500	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,7	204	0,2	4,8	19.529	-0,1

Samsvörun við nemendahópinn mælist undir meðaltali. Spurningarnar sem mynda þáttinn eru: Ég á auðvelt með að eignast vini. Tilheyri ég hópnum. Líkar öðrum við mig. Er allt í besta lagi. Nauðsynlegt er að skoða þessa þætti betur á næsta skólaári.

6.6.2 Foreldrakönnun Skólapúlsins

Foreldrakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir foreldra í febrúarmánuði. Úrtak 120 nemenda var útbúið og fengu foreldrar nemenda senda slóð á netfang og áminningar í formi skilaboða í síma. Þátttaka var með ágætum eða 80,5% og niðurstöður teljast því áreiðanlegar. Niðurstöður könnunarinnar eru á pari við landið í flestu tilfellum.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	6,0	89	0,9	5,1	5.536	0,9*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	96,4%	81/84	6,4%	91,0%	4539/5036	5,4%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	82,8%	72/87	-5,2%	80,7%	4315/5329	2,1%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	81,0%	64/79	0,3%	67,1%	3366/5072	13,9%*

Ánægja foreldra með nám og kennslu er vel yfir landsmeðaltali.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,1	83	0,5	4,8	5.015	0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	87,8%	72/82	4,5%	88,5%	4625/5228	-0,7%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	91,0%	81/89	3,2%	92,0%	5114/5563	-1,0%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,3%	83/88	2,7%	91,1%	5043/5543	3,2%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	88,6%	78/88	0,9%	90,1%	4965/5503	-1,5%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	3,4%	3/88	-6,2%	9,0%	490/5398	-5,6%*
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	75,0%	9/12	-	85,3%	823/953	-10,3%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	40,0%	4/10	0,0%	57,7%	502/844	-17,7%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	40,0%	4/10	-4,4%	56,2%	473/833	-16,2%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	85,7%	30/35	10,7%	77,1%	2216/2892	8,6%
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,5	12	-0,1	1,5	949	0,0
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	12	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	43,7%	38/87	-	44,5%	2487/5357	-0,8%

Umfang eineltismála er undir landsmeðaltali sem er einkar ánægjulegt þó ávallt megi gera betur.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,7	83	0,8	5,6	5.321	0,1
3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu	5,9	38	1,0	5,2	3.361	0,7*
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili	48,8%	42/86	8,2%	66,6%	3557/5285	-17,8%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu	-	43	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	85,0%	68/80	5,6%	72,7%	3753/5045	12,3%*
3.6. Notkun á mat í skólanum	96,6%	86/89	11,1%	96,3%	5239/5418	0,3%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	-	-	-	-	-	-

Almenn ánægja er með aðstöðu og þjónustu.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,3	85	0,4	4,7	5.134	-0,4*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	56,3%	40/71	2,3%	55,3%	2419/4265	1,0%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	72,6%	45/62	4,7%	66,1%	2374/3542	6,5%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,5%	82/85	1,7%	93,3%	4814/5154	3,2%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	86	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	58,2%	46/79	5,4%	53,6%	2414/4521	4,6%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	87,5%	63/72	2,8%	87,4%	3486/4016	0,1%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	92,7%	76/82	15,8%	77,4%	3870/4957	15,3%*
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	81,6%	71/87	9,6%	70,4%	3825/5403	11,2%*

Ánægja er með foreldrasamstarf. Frumkvæði kennara að samstarfi er undir meðaltali en yfir landsmeðaltali

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,2	87	0,0	4,9	5.303	0,3
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	87	-0,2	4,5	5.284	-0,2
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	74,7%	65/87	-12,1%	73,3%	3750/5088	1,4%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	63,5%	54/85	9,6%	55,1%	2762/5052	8,4%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	77,3%	58/75	-2,7%	76,9%	3136/4189	0,4%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	13,3%	10/75	3,3%	13,6%	609/4189	-0,3%

6.6.3 Starfsmannakönnu Skólapúlsins

Könnun Skólapúlsins er lögð fyrir starfsmenn í marsmánuði. Könnunin náði til allra starfsmanna skólans, eða 84 starfsmanna. Rúmlega 77% starfsmanna svöruðu könnuninni. Niðurstöður voru kynntar starfsmönnum á Workplace. Í heildina séð eru niðurstöður starfsmannakönnunarinnar mjög viðunandi. Markmið skólans er ávallt að vera á eða yfir landsmeðaltali. Niðurstöðurnar sýna að flestir þættir eru á eða yfir landsmeðaltali.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,6	63	-1,2	5,0	2.033	-0,4
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,1	63	0,6	4,8	2.029	0,3
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,9	63	-0,6	5,1	2.032	-0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,3	63	0,3	5,0	2.031	0,3

Holtaskóli er á pari við aðra skóla í öllum þáttum er varða starfið.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,3	63	0,5	5,0	2.003	0,3
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,2	63	0,6	5,1	2.002	0,1
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,8	63	-0,7	5,2	2.000	-0,4*
2.4. Ræktun mannauðs	5,8	61	1,6	5,3	1.945	0,5*
2.5. Starfsmannasamtöl undanfarið ár	96,7%	59/61	35,0%	77,3%	1419/1835	19,4%*
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	87,3%	48/55	7,9%	88,5%	1190/1345	-1,2%

Svörun starfsfólks mælist marktækt betur en í öðrum skólum á landinu í þáttum þremur þáttum, skörun vinnu og einkalífs, ræktun mannauðs og starfsmannasamtöl.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,6	63	1,5	5,3	1.991	0,3
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,5	58	3,8	4,8	1.923	0,7*
3.3. Stytting vinnuviku	35,0%	14/40	-	76,1%	1160/1525	-41,1%*
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	21,4%	3/14	-	42,7%	494/1157	-21,3%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,1	63	0,4	5,2	1.982	-0,1
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,3	63	0,4	5,2	1.975	0,1
3.7. Mismunur	5,1	63	-0,8	4,7	1.978	0,4
3.8. Einelti (þú)	1,6%	1/61	-3,3%	1,9%	38/1974	-0,3%
3.9. Einelti (annar en þú)	6,3%	4/63	-7,0%	6,5%	127/1958	-0,2%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagðað í einelti)	1,6%	1/63	-8,4%	2,3%	46/1958	-0,7%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/63	-1,6%	1,0%	20/1976	-1,0%

Ánægja með vinnuaðstöðu er marktækt yfir landsmeðaltali sem er einkar ánægjulegt að sjá í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á skólahúsnæðinu. Stytting vinnuvikunnar er marktækt undir landsmeðalatali en síðasta haust óskaði skólastjóri eftir kennurum í samtali vegna útfærslu á styttingu vinnuvikunnar en enginn bauð sig fram í það samtali þrátt fyrir ítrekun. Mikilvægt að gera betur næsta haust.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,5	62	0,8	5,3	1.928	0,2
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,6	61	0,8	5,4	1.917	0,2
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,4	61	0,6	5,2	1.911	0,2
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,6	55	-	5,3	879	0,3*
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	5,6	55	-	5,3	875	0,3*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	5,6	55	-	5,1	866	0,5*

Mat starfsfólks á stjórnun skólans er marktækt á eða yfir landsmeðaltali.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,8	37	1,3	5,2	1.165	0,6
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,5	37	0,2	5,1	1.146	0,4
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,1	32	-0,7	5,2	993	-1,1*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	45,5 mín	33	-9,1 mín	40,3 mín	1.009	5,2 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	58,3%	21/36	5,5%	62,2%	732/1176	-3,9%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	58,1%	18/31	11,2%	48,4%	531/1096	9,7%
5.7. Hópavinna í bekk	40,7%	11/27	2,8%	36,5%	378/1037	4,2%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	33,3%	11/33	5,5%	31,5%	350/1111	1,8%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	58,3%	21/36	17,7%	55,5%	625/1126	2,8%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	19,4%	6/31	6,9%	14,7%	155/1055	4,7%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	73,5%	25/34	12,4%	75,8%	870/1147	-2,4%

Kennarar meta starf sitt svipað og aðrir kennarar á landinu en eru þó rétt undir landsmeðaltali þegar kemur að upplýsingamiðlun til foreldra.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,9	30	0,4	5,0	1.017	-0,1
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,2	28	0,6	5,2	1.004	0,0
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,0	36	1,4	5,4	1.136	0,6*
6.4. Samráð um kennslu	5,1	36	0,0	5,4	1.093	-0,3
6.5. Samvinna um kennslu	4,7	27	-0,9	5,7	998	-1,0*

Kennarar meta starf sitt svipað og aðrir kennarar á landinu fyrir utan að samvinna um kennslu er marktækt undir. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er marktækt yfir.

7. Kennarar - Símenntun kennara


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	60,5%	23/38	6,2%	53,1%	597/1125	7,4%
7.2. Símenntunarpörf kennara	4,4	34	-0,4	5,3	1.126	-0,9*
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	28,9%	11/38	-8,2%	44,0%	499/1134	-15,1%*
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	36	-	-	-	-

Símenntunarpörf kennara í Holtaskóla er undir landsmeðaltali en ástæða þess er líklega sú að stórt verkefni hefur verið innleitt í skólann á síðustu árum.


6.7 Moodup – starfsmannakönnun

Í ár samdi Reykjanesbær við fyrirtækið Moodup um reglulegar vinnustaðargreiningar og fóru þær fram í nóvember, janúar, mars og maí. Þessi aðferðarfræði er orðin mjög útbreidd og reynd og er áætlað um 70 þúsund starfsmenn á Íslandi taki þátt í reglulegum púlsmælingum, bæði á opinbera- og einkamarkaði. Þessari aðferð er ætlað að hjálpa öllum að hlúa vel að vinnustaðnum og að allir leggi sig fram um að skapa uppbyggilega vinnustaðamenningu. Gott er fyrir alla að fá reglulega mælingu og fylgjast með breytingum á milli tímabila, hlúa að því sem vel er gert og bæta það sem þarf að laga. Niðurstöður sem hér birtast eru frá síðustu könnun í maí.

Þróun yfir tíma



Teymi	Fjöldi	Svarhlutfall	Starfsánægja	eNPS	Samsvörun	Samskipti	Vöxtur í starfi	Samband við yfirmann	Samband við jafningja	Viðurkenning	Ánægja	Heilsa og velliðan	Aðbúnaður	Helgun
Stækkanleg teymi														
Viðmið ?		60	7,8	43	7,9	7,7	7,4	8,1	8,4	7,6	8,1	7,6	7,6	8,0
Reykjanesbær	1161	68	8,2	56	8,3	7,9	8,0	8,4	8,4	7,8	8,4	8,2	7,9	8,1
Menntasvið	881	65	8,3	59	8,5	7,9	8,3	8,5	8,5	7,9	8,5	8,4	8,0	8,3
Grunnskólar	522	65	8,3	59	8,6	7,9	8,3	8,6	8,6	7,9	8,5	8,4	7,9	8,3
Holtaskóli	79	62	8,3	69	8,7	7,7	8,2	8,9	8,3	8,0	8,3	8,6	7,9	8,2



Þegar niðurstöður voru skoðaðar voru þær heilt yfir góðar. Þar sem allir þættir höfðu verið grænir í þeim MoodUp könnunun sem lagðar höfðu verið fyrir yfir skólaárið var ekki gerð sérstök umbótaráætlun eins og á síðasta skólaári en þá voru fleiri þættir undir viðmiðum.

Þegar niðurstöður frá starfsfólki voru skoðaðar sést að margt hefur áunnist frá síðasta skólaári og starfsfólk almennt sátt og líður vel á vinnustaðnum. Þó finna starfsmenn enn fyrir þeirri áskorun að vera á tveimur starfstöðum eins og kemur fram í þættinum *samband við jafningja*. Sá þáttur er 0,1 undir viðmiði. Áfram verður unnið að því að tengja starfsfólk saman með markvissum hætti og stuðla að góðri vinnustaðarmenningu í Holtaskóla.

6.8 Niðurstöður samskipta- og eineltisteymis

Í Holtaskóla er starfrækt samskipta- og eineltisteymi og í því sitja Edda Guðrún Pálsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu, Jenný Þórkatla Magnúsdóttir þroskaþjálfari, Silja María Albertsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Valdís Inga Steinarsdóttir kennari á unglingastigi og Thelma Dögg Árnadóttir þroskaþjálfari. Sex málum var vísað til samskipta- og eineltisteymis á skólaárinu, þremur fyrir áramót og þremur eftir áramót. Fimm málum hefur verið lokað og er eitt mál sem barst teyminu í maí haldið opnu fram á næsta skólaár. Unnið hefur verið eftir nýju samræmdu verklagi Reykjanesbæjar í samskipta- og eineltismálum. Þegar tilkynning berst skólanum er samskipta- og eineltisteymi strax upplýst og kallað til fundar eins fljótt og hægt er. Umsjónarkennari er látin vita af eineltistilkynningunni. Aðilar skipta með sér verkum en starfsmenn skólans eru upplýstir um tilkynningu og könnunarferli er sett af stað og stendur það yfir í fimm virka daga. Lögð er tengslakönnun fyrir bekkinn eða árganginn. Foreldrar eru upplýstir um móttöku tilkynningar og vinnslu. Eftir að könnunarferli lýkur eru viðtöl tekin við meinta gerendur og þolendur. Foreldrar nemenda eru upplýstir um tilkynninguna og samtal við nemendur. Aðgerðaráætlun er unnin í samræmi við niðurstöður teymisins og hún kynnt foreldrum. Þegar búið er að ná tökum á vandanum er málinu lokað í samstarfi við foreldra.

6.9 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar, mars og apríl mánuði og þáðu allir starfsmenn skólans samtal sem framkvæmd voru af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjórum. Starfsmannahópnum var skipt upp í hópa jafnt á milli stjórnenda og höfðu starfsmenn tök á því að skipta um viðmælanda, sem að nokkrir starfsmenn þáðu. Skjöl voru sett inn á Workplace með skipulagi og spurningum sem lágu til grundvallar samtalsins. Samtölin fóru fram í rólegu umhverfi, þar sem starfsmenn stjórnðu ferðinni með fyrir fram ákveðnar spurningar að leiðarljósi. Misjafnt var eftir starfsmönnum hvort að þeir voru búnir undirbúa sig fyrir samtalið eður ei.

7 Framkvæmdamat

Margir viðburðir eru í skólanum og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum frá starfsfólki um hvað tókst vel og hvað má betur fara.

Viðburðir	Hverjir meta	Mat og það sem betur má fara
Kynningarfundur fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga	Skólastjórnendur, forstöðumaður Frístundar og	Kynningarfundur var haldinn fyrir foreldra og tilvonandi nemendur 1. bekkjar þann 5.júní. Nemendur og foreldrar hittu verðandi umsjónarkennara og fóru þeir yfir helstu

	umsjónarkennarar 1. bekkjar	atriði er varða upphaf skólagöngu barnanna. Á fundinum var starfsemi frístundar kynnt.
Skólasetning	Skólastjórnendur, athugasemdir frá starfsfólki og foreldrum	Skólasetning Holtaskóla fór fram með eftirfarandi hætti skólaárið 2024 -2025. Skólasetning Holtaskóla fór fram á Malarvellinum miðvikudaginn 23. ágúst og var þrískipt, dagurinn var skertur nemendadagur. Umsjónarkennarar tóku á móti nemendum sínum og voru allir foreldra/forráðamenn hvattir til að mæta með börnum sínum þar sem kennarar fóru yfir nokkra mikilvæga þætti í skólastarfinu. Stundatöflur og bekkjarlistar verða aðgengilegir í Mentor frá og með þriðjudeginum 23. ágúst.
Læsir app	Skólastjórnendur, kennarar	Skólinn tók í notkun appið Læsir, því er ætlað að halda utan um heimalestur nemenda. Bókartitlar, lesnar mínútur að aðrar upplýsingar eru skráðar í appið. Með þessum hætti er hægt að halda nákvæma skrá yfir heimalestur nemenda og fá sjónrænar upplýsingar sem nýtast í eftirfylgni heimalestursins. Appið hefur mælst vel fyrir.
Skyndihjálparnám skeið	Skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk	Skyndihjálparnámskeið var haldið í íþróttahúsinu við Sunnubraut fyrir allt starfsfólk skólans.
Leikgleði	Aðstoðarskólastjóri	Sprotasjóðsverkefnið Leikgleði hélt sameiginlegt námskeið fyrir kennarar í 1. og 2. bekk. Kennarar mættu mánaðarlega á námskeiðið. Lokahátíð var haldin í Stapa í maí.
Kvíði barna – Hanna Dorothea Bizouerna	Skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk	Miðvikudaginn 21. ágúst mætti Hanna Dorothea Bizouerna sálfræðingur hjá Litlu kvíðameðferðarstöðinni með fyrirlestur fyrir allt starfsfólk skólans. Ánægja var með fyrirlesturinn.
Lesblinda og gervigreind Anton Þór Ragnarsson og Ragnar Þór Pétursson	Skólastjórnendur og kennarar	Feðgarnir Anton Þór og Ragnar Þór mættu með fyrirlesturinn sinn Gervigreind og dyslexía í skólastarfi – gagnlegt verkfæri. Mjög athyglisverður og gagnlegur fyrirlestur.
Leiðsagnarnám	Leiðsagnarnáms- teymið	Miðvikudaginn 21. ágúst var kynning á leiðsagnarnámi fyrir alla kennara, þroskaþjálfra, námsráðgjafa og starfsfólk skólans. Ánægja var með námskeiðið

Flutningar á efri hæð Holtaskóla	Skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk	Flutt var inn á efri hæð unglingastígs Holtaskóla miðvikudaginn 23. ágúst eftir endurbætur á húsnæðinu. Kennsla 7. - 10. bekk munu nú fara fram á þessu svæði en hefur verið í Keili fram að þessu. Flutningarnir gengu vel.
Ólympíuhlaup ÍSÍ	Íþróttakennarar og skólastjórnendur	Nemendur hlaupa sér til heilsubóta og fá að launum viðurkenningarskjal frá ÍSÍ. 1. - 4. bekkur mæta á vetrarbrautina við aðalinnganginn og hlaupa 5 hringi 5. - 10. bekkur mæta við hliðið á Sunnubraut og hlaupa 3 hringi. Hlaupinn er hringurinn Sunnubraut, Skólavegur, Faxabraut, Sunnubraut.
Forvarnir gegn vopnaburði, Hafþór Barði íþrótt- og tómstundafulltrúi, Kristján Freyr lögreglumaður og Gunnhildur forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins	Hafþór Barði íþrótt- og tómstundafulltrúi, Kristján Freyr lögreglumaður og Gunnhildur forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins og skólastjórnendur	Til að bregðast við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir vegna aukins vopnaburðar ungmenna ætla viðkomandi aðilar að ræða forvarnarstarfið sem fer fram á Ljósanótt og vopnaburð ungmenna.
Setning Ljósanætur 2024	Skólastjórnendur og kennarar	Fimmtudaginn 5. sept gengu nemendur 3., 7. og 10. bekkja í skrudgöngu niður í Skrudgarð þar sem Ljósanæturfáninn var dreginn að húni og formleg setning Ljósanætur var sett. Setningin hófst kl 10:30 og tók tæpa klukkustund.
Ljósanæturfjör	Stjórnendur, kennarar og starfsfólk	Föstudaginn 6. september var haldið leikja og dansparty var haldið á skólalóð Holtaskóla þar sem boðið var upp á andlitsmálun, leiki og dans.
Sinfó í Hljómahöll	Stjórnendur, kennara og starfsmenn	Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Hljómahöll fyrir nemendur í 1. – 4. bekk þann 26. september. Tónleikarnir heppnuðust mjög vel og höfðu allir gaman af.
Heilsu og forvarnarvika 30.sept. - 4.okt.	Reykjanesbær og stjórnendur	Reykjanesbær og Holtaskóli buðu nemendum og starfsfólki upp á ýmiskonar dagskrá. Til að mynda jóga, gönguferð, slökun og hugleiðslu ávaxta- og grænmetisstund og margt fleira.

Þemavika undir stjórn nemendafélags skólans.	Umsjónarmaður nemendaráðs og nemendur í ráðinu	Nemendaráð skólans stóð fyrir þemaviku í skólanum og var skipulagið sem hér segir. Mánudagur: Lopapeysu þema Þriðjudagur: 1.-5. bekkur Kósý þema og 6.-10. bekkur Allt nema skólatösku þema Miðvikudagur: Samskiptadagur Fimmtudagur: 1.-5. bekkur Treyju þema og 6.- 10. bekkur 2000's þema Föstudagurinn: Fancy Friday Vikan þótti takast vel.
Svakalegar sögur Blær og Eva Rún	Stjórnendur, kennarar og nemendur 4. og 5. bekkja	List fyrir alla - Blær og Eva Rún komu og skrifuðu og myndskreyttu stutta sögu með nemendum. Nemendur voru virkir þátttakendur í verkinu. Þótti heppnast vel.
Áfallamiður nálgun í skólastarfi – Anna Lára Pálsdóttir sérfræðingur í ráðgjöf og stuðningi	Nemendaráðgjafi, námsráðgjafi og sérkennari	Um er að ræða á sex vikna námskeið um áfallamiðaða nálgun í skólastarfi. Námskeiðið er sérstaklega ætlað kennurum og öðru starfsfólki skóla sem hafa tekið á móti nemendum frá Grindavík, en aðferðirnar sem kenndar eru nýtast vel við að styðja öll börn. Á námskeiðinu verður fjallað um áföll, áhrif þeirra á nemendur og bestu aðferðirnar til að draga úr neikvæðum afleiðingum áfalla. Einnig verður rætt um áföll sem starfsfólk gæti sjálft hafa upplifað og hvernig hægt er að efla þeirra eigin vellíðan og seiglu.
Samskiptadagur í október	Skólastjórnendur og kennarar	Fyrirkomulagið var þannig að foreldrar/forráðafólk skrá sig í viðtöl á mentor og nemendur og foreldrar/forráðafólk komu í skólann og áttu samtál við umsjónarkennara, skiptust á upplýsingum og námsmarkmið sett fyrir veturinn.
Starfsgreina- kynning fyrir 8., 9. og 10 bekk	Skólastjóri, deildarstjóri unglingastigs og umsjónakennarar unglingastigs	Nemendur mættu í Íþróttahúsið við Sunnubraut þar sem fyrirtæki og stéttafélög voru með kynningu á sinni starfsgrein. Almenn ánægja með kynninguna.
Námsefna SÍ	Stjórnendur	Allir stjórnendur sóttu námstefnu Skólastjórafélags Íslands

Vertu ástfanginn af lífinu	Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar	Þorgrímur Þráinsson kom og ræddi við nemendur og var með fyrirlestur um mikilvægi þess að setja sér markmið og horfa björtum augum á framtíðina.
Bleiki dagurinn baráttudagur gegn krabbameini	Skólastjórnendur, kennarar og nemendur	Nemendur og starfsfólk skólans voru hvött til að mæta í bleiku til að sýna baráttunni við krabbamein stuðning..
Baráttudagur gegn einelti	Stjórnendur, eineltisteymið og kennarar	Samskipta- og eineltisteymi skólans setti fram ýmiskonar fræðsluefni fyrir umsjónarkennara til að vinna með sínum bekkjum á þessum degi. Frekari útfærsla og framkvæmd á deginum var í höndum hvers árgangs fyrir sig og gekk það vel.
Lýðræðisráð nemenda	Skólastjórnendur og nemendur	Lýðræðisráð skólans fundar reglulega yfir skólaárið. Kjörnir fulltrúar nemenda vinna saman að þeim málum sem liggja fyrir hverju sinni.
Dagur íslenskrar tungu	Skólastjórnendur / umsjónarkennarar	Dagurinn var haldinn hátíðlegur í heimastofum .
Orri óstöðvandi	Menntasvið	Leikritið Orri óstöðvandi var sýnt í Hljómahöll fyrir nemendur í 4-7. bekk.
Fræðsla um geðheilsu fyrir 10. bekk	Skólastjórnendur	Hjúkrunarfræðingur frá HSS kom í skólann og ræddi við nemendur.
Dagskráin í desember	Stjórnendur og kennarar	Nemendur settu skólann í jólabúning, horft var á jólamynd, frjálst nesti á fimmtudögum þar sem nemendur í 10. bekk voru með snúðasölu fyrir þá sem vildu. Hátíðarmatur var snæddur. Allir dagar í desember voru jólapeysu eða jólahúfudagar.
Lestrarvinir hittast	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Lestrarvinir hittast fönndra saman og lesa saman. Nemendur hittast á bangsadeginum í október og síðan aftur á aðventunni. Viðburður sem hefur fest sig í sessi.
Helgileikur í Stapa	Umsjónarkennarar og nemendur 5. bekkjar	Nemendur 5. bekkjar æfðu helgileik og sýndu nemendum í 1. – 6. bekkjum skólans sýningin fór fram í Stapa. Nemendur 5. bekkjar sem stunda tónlistarnám spiluðu jólalög. Sýningin tókst einstaklega vel
Heitt súkkulaði og piparkökur	Skólastjórnendur	Lestrarvinum var boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur á malarvelli.
Jólahátíð/ball	Stjórnendur og kennarar	Stofujól fóru fram í heimastofum þar sem nemendur og umsjónarkennari áttu notalega stund saman.
Samskiptadagur í janúar	Stjórnendur og kennarar	Nemendur og foreldrar /forráðafólk komu í viðtal til umsjónarkennara. Kennarar, nemendur og

		foreldrar/forráðafólk skiptust á upplýsingum, farið var yfir það námsmat sem lá fyrir og markmið voru sett fyrir vorið.
Öskudagur	Stjórnendur og kennarar	Skertur nemendadagur. Öskudagur var haldinn í Holtaskóla og á malarvelli
Stóra upplestrarkeppnin	Skólastjórnendur og umsjónarkennara í 7. bekk	Skólakeppni var haldin skólanum. Í ár voru nemendur í 6. og 7. bekk og foreldrar/forráðamenn gestir í sal. Dómarar í keppninni voru þær Guðbjörg Rut Þórisdóttir, Guðlaug María Lewis og Hrafnhildur Hilmarsdóttir. Aðalkeppnin fór fram í Stapa.
Lífshlaupið	Stjórnendur og starfsmenn	Starfsmenn skólans hafa tekið þátt í Lífshlaupinu síðastliðin ár og hafa allflestir tekið þátt. Reynt er að brydda upp á einhverjum uppákomum í tengslum við hlaupið
Uppbrotisdagar	Skólastjórnendur, starfsfólk og nemendur	Uppbrotisdagarnir nýttir í að undirbúa árshátíð skólans. Lýðræðisráð skólans völdu ákveðnar bíómyndir sem þema fyrir hátíðina. Nemendur sömdu og æfðu atriði til að sýna og útbjuggu skreytingar og sviðsmyndir. Vinnan þessa dagana gekk vel og var afraksturinn skólanum til sóma.
Árshátíð	Skólastjórnendur, starfsmenn, nemendur og gestir	Árshátíð skólans var haldin í Íþróttahúsinu við Sunnubraut þar sem afrakstur uppbrotisdagana fékk að njóta sín í sviðsmynd, búningum söng og dansi. Áætlað er að um 1000 manns hafi verið í húsinu og þótti hátíðin öll heppnast vel. Skólinn bauð upp á skúffuköku, kaffi og djús að árshátíð lokinni.
Verk og vit	Umsjónarkennarar	Nemendur og umsjónarkennarar í 9. og 10. bekk fóru á sýninguna Verk og vit. Ferðin gekk vel.
Hæfileikahátíð grunnskólanna	Stjórnendur, umsjónarkennarar og nemendur í 10. bekk.	Hver skóli bæjarins sendir eitt atriði á hátíðina. Nemendur í 10. bekk sýndu árshátíðaratriðið sitt og tókst þeim vel til.
BAUN	Verkgreinakennarar	Nemendur og kennarar skólans fóru saman á sýninguna sem þótti heppnast vel.
Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk	Kennarar í 4. bekk	Upplesturinn fór fram í Bergi í Hljómahöll og voru nemendur 3. bekkjar og foreldrar/forráðamenn áhorfendur.

Vika 6 Kynlíf og kynferðisleg hegðun	Forvarnarteymi og Kennarar unglingastigs	Um er að ræða sjöttu viku ársins sem hefur fest sig í sessi sem árleg vika tileinkuð kynheilbrigði. Í vikunni er vakin athygli á mikilvægi kynheilbrigðis og kynfræðslu fyrir börn og ungmenni.
Vorferðir	Stjórnendur og umsjónarkennarar	Nemendur í 10. bekk fóru í hefðbundna útskriftarferð um Suðurlandið 26.-28.maí. 8. og 9. bekkir fóru í vorferð til Reykjavíkur, 4.-7. Bekkir fóru í Vantaveröld, Akademíu, ljósafótbolta í Reykjaneshöll. 3. bekkur fór í Húsdýragarðinn, 2. bekkur í Sandgerði og Garð og 1. bekkur fór í Njarðvíkurskóg. Ferðirnar gengu vel.
Skólahreysti	Íþróttakennarar	Skólinn tók þátt í Skólahreysti og sigraði sinn riðil og sjálfa keppnina.
Holtasprettur	Stjórnendur og kennarar	Holtasprettur samanstendur af ýmsum þrautum sem nemendur leysa og safna stigum. Að þessu sinni fór spretturinn fram í íþróttahúsinu. Góður dagur.
Vorhátíð	Stjórnendur og kennarar.	Hátíðin fór fram í portinu við skólann og hófst á litahlaupi. Hlaupinn var hringur í nágrenni skólans og voru sex stöðvar á leiðinni þar sem litadufti var dreift yfir þátttakendur. Að loknu hlaupi var boðið upp á ýmsa leiki, candyfloss, popp og grillaðar pylsur. Allir kátir í lok dags.
Skólaslit	Stjórnendur og kennarar.	Skólaslit fóru fram í Stapa og voru þrískipt, 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Þau fóru þannig fram að nemendum var raðað í stafrófsröð á fremstu bekki í sal Stapans og voru svo kallaðir á svið og þeim afhent umsagnir og vitnisburðir. Að lokinni útskrift 10. bekkinga var nemendum og foreldrum þeirra boðið til kaffisamsætis í Merkinesi í boði skólans. Þetta fyrirkomulag mæltist mjög vel fyrir hjá starfsfólki, nemendum og foreldrum og þótti heppnast mjög vel.

8 Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við. Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf sem unnið er í Holtaskóla enn betra.

Þessi skýrsla verður lögð til grundvallar vinnu við gerð umbótaráætlunar skólans sem unnin verður haustið 2025. Sú vinna verður unnin í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, skólaráð, foreldra og nemendur.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS